



UPPLÝSINGAFUNDUR UM FLOKKUN SORPS

Þriðjudaginn 19. október verður Helgi Pálsson, rekstrarstjóri TERRA með erindi þar sem farið er yfir það sem huga



þarf að þegar kemur að flokkun og frágangi sorps. Helgi svarar fyrirspurnum og í heimsóknum Helga hafa oft orðið skemmtilegar umræður og sorp og flokkun.

Þriðjudagur 19. október kl. 18:00 í Valsárskóla, kaffi og boðið uppá barnaþössun.

NEYÐARKALL BJÖRGUNARSVEITANNA

Sala á Neyðarkalli björgunarsveita fer fram dagana 4.-7. nóvember næstkomandi.



Með því að kaupa af okkar sölumönnum ertu að styrkja okkar sveit.

Við munum fara um sveitarfélagið 4.-6. nóvember.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA!

ERUM VIÐ EKKI HEIMSMEISTARAR Í FLOKKUN?

Því miður getum við ekki tekið undir það að við íbúar á Svalbardsströnd séum heimsmeistarar í flokkun, eða nálægt því að geta stært okkur af því að vera mjög góð í flokkun. Íbúar hreppsins leggja mis mikinn metnað í flokkun, sumir nálgast verkefnið af metnaði og leggja sig fram um að minnka sporið sem við skiljum eftir okkur. Öðrum virðist vera nokk sama og sinna í engu leiðbeiningum, ráðleggingum eða eru tilbúnir til að axla ábyrgð á sinni neyslu. Nú kann að vera að einhverjum þyki þetta harðort en hér eru það skussarnir sem ekki eingöngu skemma fyrir hinum heldur eru að kosta samfélagið

fjármuni sem við myndum öll gjarnan vilja setja í aðra málaflokka en urðun sorps. Sumir myndu segja „Hvað er að frétt!“ Og það er ástæða til að spyrja sig þeirrar spurningar. Á fundi umhverfis- og atvinnumálanefndar, sem haldinn var 21.09.2021 var farið yfir tölur um losun og flokkun á gámasvæðinu á Svalbarðseyri. Fyrir ári síðan var sett upp aðgangsstýring að gámasvæðinu á Svalbarðseyri sem hefur leitt til þess að kostnaður hefur lækkað fyrir almennt sorp en kostnað aukist vegna urðunar. Umgengni á gámasvæðinu er ekki góð og alltof oft eru gámar, sem merktir eru t.d. timbri, mengaðir með öðrum efnum og verður þá farmurinn ónýtur og endar í urðun með tilheyrandi kostnaði. Kostnaður vegna flutnings á einum gámi sem senda þarf í urðun er á milli 200-300 þúsund. Við eigum því miður alltof margar sögur af notendum gámasvæðis sem eru skussar. Eitt ágætis dæmi er að um daginn var almenni gámurinn fullur og auðvitað losaður um leið og færi gafst. Og þá mætti einn skussinn og fyllti gáminn af pappa – efni sem við þurfum ekki að greiða fyrir ef sett er í réttan gám en í röngum gám fáum við íbúar Svalbarðsstrandarhrepps að greiða fyrir skusaháttinn. Eins og þið sjáið á meðfylgjandi mynd er þetta ekkert grín, við erum með myndavélakerfi á gámasvæðinu og fylgjumst með og höfum haft samband við aðila sem átta sig ekki á muninum á flúroperum og málningu þegar á gámasvæðið er komið eða skilja ekki þær leiðbeiningar sem virðast duga öðrum.



HVAÐ ER AÐ FRÉTTA!

Pappi í almennum gámi og gámi fyrir gróft efni.


Ef pappi er settur í pappagám er hann fjarlægður án kostnaðar fyrir sveitarfélagið en hér þarf að greiða fyrir!

Við viljum benda á að á heimasíðu hreppsins er að finna góðar upplýsingar um flokkun og frágang sorps og á síðu TERRA og Akureyrarbæjar er að finna myndbönd og fræðslufni sem gott er að kynna sér.



STÓR RAFMAGNSTÆKI!

Hér er gámurinn merktur en það virðist ekki hjálpa til þegar ráðvilltur flokkari birtist með gaddavír, plast, reiðhjól og umbúðir utan af Royal-búðing – auk alls hins draslsins sem fleygt var í gáminn



ALMENNT SORP EÐA PAPPÍ

Hér hefur umbúðum, pappakössum og pappír verið hent í almennt sorp.

Fyrir þessa flokkun þarf að greiða en gjaldfrjálst fyrir sveitarfélagið ef þessu hefði verið komið fyrir í réttum gámi.



Á gámasvæðinu er gámur sem merktur er „HÚSGÖGN“ en það er greinilega ekki nægilega skýrt – eða hvað?

Að lokum viljum við hrósa öllum þeim íbúum hreppsins sem leggja metnað sinn í að ganga vel um, flokka og passa uppá að vel sé gengið um á gámasvæðinu. Hinir fá skammir frá undirrituðum og eru spurðir hvað sé til ráða? Eigum við að hringja í þá og skamma, birta myndir af sökudólgum eða taka aðgang að gámasvæðinu af þeim sem nappaðir eru? En svo er líka stutt í næsta þorrablot og spurning hvort nefndin fari ekki að halda til á gámasvæðinu okkar. Það er ekki skammtilegt að skrifa svona pistla og vonandi náum við sem stefnum á heimsmeistaratílinn að snúa málum okkur í vil og leiða samborgara okkar af refilstigum skussaháttisins. 😊

Og gleðifrétt í lokin fyrir okkur öll. Hann Helgi í TERRA verður með fyrirlestur/kynningu á flokkun og leiðbeiningar þriðjudaginn 19. október í Valsárskóla klukkan 18:00 og boðið verður uppá kaffi og barnapössun fyrir fróðleiksfúsa.

Með kærri kveðju
Umhverfis- og atvinnuálanefnd Svalbarðsstrandarhrepps

NÆSTU RUSLADAGAR

- 14. október - Almenn/lífrænt sorp
- 28. október - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp
- 11. nóvember - Almenn/lífrænt sorp